

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í 3 ár.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar.

Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marz—apríl ár hvert.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þá skal leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók félagsins svo og innfæra í bókina samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVII kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53, 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. apríl 1967.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um stimpilgjald af slysatryggingarskírteinum.

1. gr.

Slysatryggingarskírteini, sem gilda eiga eitt ár eða lengur, skal stimpla með 10 aurum (grunn gjald) af þúsundi eða broti úr þúsundi tryggingarfjárhæðar. Skírteini, sem gilda eiga í einn mánuð eða skemmri tíma, skal stimpla með 1/12 þess, sem skírteini til árs skal stimpla, þau sem gilda 2 mánuði með 2/12 o. s. frv., og telst brot úr mánuði sem heill mánuður.

2. gr.

Stimpilgjaldið skal reiknað af meðaltali dánarbóta og örorkubótafjárhæðar, miðað við hámarksbótafjárhæð skirteinisins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 75, 27. júní 1921, um stimpilgjald, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. apríl 1967.

Magnús Jónsson.

Guðlaugur Þorvaldsson.

Nr. 63.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna
í Reykjavík árið 1966.

Tekjur :

1. Sjóður frá fyrra ári	kr. 266 297.94
2. Árgjöld frá félögum	— 12 782.00
3. Styrkur úr borgarsjóði	— 20 000.00
4. Styrkur úr rikissjóði	— 15 000.00
5. Vextir á árinu	— 31 628.09

Kr. 345 708.03

Gjöld :

1. Styrkur veittur á árinu	kr. 72 200.00
2. Ýmis gjöld	— 474.75
3. Sjóður:	
a. Skuldabréf Hitaveitu	kr. 50 000.00
b. — H-B visitölubréf	— 44 000.00
c. — Byggingarsjóðs verkamanna	— 10 000.00
d. — Alþýðuhúss Reykjavíkur hf.	— 30 000.00
e. — — — — —	— 13 500.00
f. Innstæða í Útvegsbanka Íslands	— 2 548.35
g. — í Landsb. Íslands og vörzlu gjaldk.	— 122 984.93

— 273 033.28

Kr. 345 708.03

Reykjavík, 4. febrúar 1967.

Hilmar Jónsson.

Hannes M. Stephensen.

Jóna Guðjónsdóttir.

Undirritaðir hafa endurskoðað ofanritaðan reikning og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 17. febrúar 1967.

Alfred Guðmundsson.

Óskar Guðnason.